

Borgarráð Reykjavíkur
b.t. Ólafar Magnúsdóttur
Skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

24. janúar 2019

BORGARRÁÐ 8. nóvember 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að Félagsbústaðir setji sér þjónustustefnu - R18110061

Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að leggja til við stjórn Félagsbústaða að fyrirtækið setji sér þjónustustefnu með áherslu á notendamiðaða hönnun. Notendamiðuð hönnun felst í því að þjónustu skal hanna og skipuleggja út frá þörfum og sjónarhorni notenda hennar.

Hafinn er undirbúningur við mótun þjónustustefnu Félagsbústaða. Stefnan mun m.a. taka mið af þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og áttavitum um framúrskarandi þjónustu. Þær ábendingar sem fram koma í tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvað felast eigi í þjónustustefnu munu einnig hafðar til hliðsjónar við gerð stefnunnar. Í lok desember lágu fyrir niðurstöður þjónustukönnunar sem gerð var meðal leigjenda Félagsbústaða og munu niðurstöður og ábendingar sem fram koma í könnuninni einnig nýtast vel við mótun þjónustustefnu.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir,
framkvæmdastjóri